



Ferð starfsmanna leikskólans Jötunheima
til Aberdeen dagana 19. – 23. apríl 2017



Inngangur

Allt frá árinu 2013 hefur verið í umræðunni í starfsmannahópi Jötunheima að fara í námsferð út fyrir landsteinana. Það var síðan á skólaárinu 2014 – 2015 sem ákvörðun var tekin um að fara í námsferð árið 2017 og þá var stofnuð ferðanefnd sem byrjaði að starfa



í maí 2015. Hún lagði heilmikla vinnu í að finna út hvert ætti að fara og var það endanlega ákveðið í nóvember 2016 að haldið yrði til Aberdeen í Skotlandi. Jóhanna B. Guðmundsdóttir hjá Simplíciter (www.simpliciter.org) sá um allt skipulag og bókanir á heimsóknunum og þökkum við henni ofsalega vel fyrir.

Miðvikudaginn 19. apríl var komið að því að 31 starfsmaður Jötunheima legði af stað í námsferðina. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér skóla í Skotlandi, bæði ríkisrekna og einkarekna og sjá hvort munur er þar á. Eins langaði okkur að vita hvernig nemendur fara á milli skólastiga þar sem skólarnir voru báðir með nemendur frá 3 ára aldri til ýmist 12 eða 18 ára. Þetta fannst okkur áhugavert þar sem við erum búin að vera í þróunarverkefni allra leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu Árborg um námsmat á mörkum skólastiga. Þá er ferð eins og þessi mjög gott hópefli og ekki síður mikilvæg fyrir þær sakir.



Föstudaginn 21. apríl var haldið í The International School of Aberdeen sem er einkarekinn alþjóðlegur skóli og þar fékk hópurinn kynningu á starfsemi hans.


Fimmtudaginn 20. apríl var ferðinni heitið í Midmill Kenellar School þar sem hópurinn fékk fyrirlestur og kynningu á hvernig Skoska skólakerfið virkar og í framhaldi af því að skoða skólann og skólastarfið.



Leikskólarnir:

Midmill Kinellar School

Midmill Kinellar School er í Aberdeenshire í Skotlandi og er nánast úti í sveit. Skólinn er í nýju húsnæði sem var tekið í notkun í nóvember 2016 því eldra húsið brann. Við skólann eru 456 nemendur á aldrinum 3 – 12 ára. Það er verið að vinna í því að hægt sé að taka nemendur inn í leikskólann frá 2 ára en er ekki byrjað enn.



Leikskóladeildirnar eru 2 og þar eru um 50 nemendur á aldrinum 3 – 4,5 ára. Þeir dvelja þar í þrjá til þrjá og hálfan tíma í senn ýmist fyrir eða eftir hádegi. Þar sem þau eru ekki í skólanum yfir hádegi fá þau ekki hádegismat þar en fá aftur á móti hressingu á vegum skólans um miðjan dvalartíma sinn. Húsið er bjart og hlýlegt og hólfað af með skilrúmum. Öll húsgögn og efniviður til leikja er með þarfir nemenda í huga og aðgengi að efnivið er gott. Leikskólinn er ekki fullnýttur og er um helmingur hússins ekki í notkun. Lóðin við leikskólann er rúmgóð og vel afgirt frá grunnskólalóðinni.



Í grunnskólanum sjálfum eru 16 bekkir og í honum eru nemendur á aldrinum 4,5 ára til 12 ára. Húsnæðið er hannað þannig að fjórar kennslustofur eru saman í einingu og eru þær þannig að hægt er að sjá í allar stofurnar ef staðið er í einni. Á milli þeirra er rými þar sem nemendur geyma útifötin og hafa aðstöðu til að lesa, spila og draga sig út úr hópnum. Skólinn er mjög vel tækjum búinn og smartboard í öllum kennslustofum, borðtölva, fartölvur og spjaldtölvur. Útsjónarsemi hefur verið mikil þegar húsið var innréttað því t.d. eru skáphurðar notaðar sem töflur. Öll húsgögn eru í hæð nemenda og greinilegt að hagur þeirra er



hafður að leiðarljósi. Sérgreinakennarar koma og kenna t.d. tónlist og það er sérstök tónlistarkennslustofa. Einnig eru sér rými fyrir t.d. heimilisfræði, sjón- og skynörvun. Þau rými eru einnig notuð ef nemendur þurfa að fara út úr hópnum og vinna einir eða í litlum hópum. Útisvæði

grunnskólans er rúmgott, ekki mikið af leiktækjum en mjög flottur fótboltavöllur. Nemendur sjá sjálfir um að halda lóðinni hreinni og bera ábyrgð á að allir fari eftir reglum.

Hugmyndafræði skólans er að nemandinn og áhugasvið hans er í forgrunn. Lögð er áhersla á námsferlið og hvað nemandinn lærir á því en ekki endastöðina. Skólinn spyr sig alltaf hvort hann sé tilbúinn fyrir nemandan en ekki hvort nemandinn sé tilbúinn fyrir skólann. Það er gott samstarf við heimilin og kennarar taka viðtöl heima hjá nemandanum þar sem þeir kynnast honum og fjölskyldunni. Einnig er skólinn í góðu samstarfi við utanaðkomandi aðila eins og t.d. félagsmálayfirvöld, sálfræðinga, talmeinafræðinga og lögreglu.

Kennarar sem kenna við skólann eru allir menntaðir. Námið er 4 ár og síðan er eitt ár tekið á vettvangi áður en full réttindi fást. Okkar upplifun var sú að kennarar væru faglegir og lausnamiðaðir í kennslunni. Kennsluefni og kennsluhættir voru mjög fjölbreyttir og kennarar lögðu sig fram um að allir nemendur fengju kennslu við hæfi. T.d. var verið að kenna stærðfræði á sex mismunandi vegu og nemendurnir völdu sjálfir á hvaða hátt þeir lærðu. Kennarar vinna með leiðsagnarmat og nemendur hafa mikið um nám sitt að segja og framvindu þess.

Launin eru ágæt, þau eru lág kandidatsárið en hækka þegar því er lokið. Launin hækka síðan um 1% á ári þar til ákveðnu þaki er náð. Það eru góð frí í skólunum alls 12 vikur á ári. Það eru 2 vikur að hausti, tvær í kringum



jól, tvær í kringum páska og 6 vikur á sumrin. Sjötta hvert ár er 7 vikna sumarfrí. Í skólum á Aberdeen svæðinu er alls staðar jafn langt frí en þeir þurfa ekki allir að taka það á sama tíma.

The International School of Aberdeen ISA

The International School of Aberdeen er alþjóðlegur einkarekinn skóli í Aberdeen. Hann er eini alþjóðlegi skólinn í Skotlandi. Í skólanum eru 390 nemendur á aldrinum 3 – 18 ára alls staðar að úr heiminum. Kennarar eru á bilinu 70 – 90 en í allt starfa um 120 manns við skólann. Skólinn skiptist í pre-school, kindergarden, elementary school, middle-school og high-school. Hér á eftir fjöllum við einungis um tvö yngstu stigin þar sem það var áhersla okkar ferðar.

Nemendur í pre-school eru á aldrinum 3-5 ára. Í þeirri deild er 41 barn á þeim aldri en þau geta flest orðið 60 og þar eru 6 kennarar. Viðvera nemenda er frá kl. 8:30 – 14:00 en er að lengjast til kl. 15:00. Fimm ára flytjast nemendurnir í



kindergarden þar sem þeir eru í eitt ár. Þegar nemendur eru þar fer fram ákveðinn undirbúningur fyrir grunnskólagöngu með leikinn og þarfir nemenda í huga. Hver kennari er með 12 – 15 nemendur í bekk og skóladagurinn er frá 8:15 – 15:00. Þar

læra börnin meðal annars að skrifa, lesa og synda.



Húsakostur skólans er mjög flottur og rúmgóður. Þar er meðal annars stór sundlaug, tveir stórir íþróttasalir, klifurveggur og leikhús. Leikskólahlutinn er nýlegur og var tekinn í notkun árið 2015. Kennarar fengu að vera með í ráðum við hönnun og skipulagningu á bæði húsinu og útileiksvæðinu. Útisvæði er fallegt og hannað með þarfir nemenda í huga og áherslu á að auka hugmyndaauðgi og sköpun þeirra. Leikefniviður er fjölbreyttur, náttúrulegur og lóðin öll vel skipulögð. Gaman var að sjá hvernig hús og lóð flæddu saman og mynduðu heild. Inni er allt mjög rúmgott og hlýlegt og þarfir nemenda í fyrirrúmi. Í miðri deildinni er hringlaga herbergi sem notað er í samverustundir og ef nemendur hafa þörf fyrir að vera í rólegheitunum eins og t.d. lesa/skoða bækur.

Dagskipulagið er skemmtilegt, sýnilegt öllum og sjónrænt. Nemendur í leikskólanum eru meðvitaðir um námskrá skólans því unnið er með hana í öllu daglegu starfi. Sem dæmi má nefna að nemendur setja sér þriggja vikna markmið/langanir og



kennarar hvetja þá til að ná þeim. Þar sem um unga nemendur er að ræða eru markmiðin sett upp á sjónrænan hátt og farið yfir þau í samverustundum á morgnana. Þar ákváðu nemendur hvað þeir vildu gera yfir daginn til að ná markmiðum sínum. Með þessu móti eru nemendur gerðir meðvitaðir um nám sitt á forsendum leiksins. Ef ekki var hægt að vinna að einhverjum markmiðum voru þau hengd upp þar sem nemendur sáu og vissu þar af leiðandi að þau væru ekki gleymd.

Mikil áhersla er lögð á sköpun í öllum skólanum og var það vel sýnilegt. Nemendur eru hvattir til að sinna því sem þeir hafa áhuga á og mikil fjölbreytni í boði t.d. hvað varðar íþróttaiðkun. Þeir hafa mikið um nám sitt að segja og eru hvattir til þess. Nemendur eru menntaðir til að geta hafið nám í hvaða skóla sem er í heiminum. Nemendur grunnskólans sinna fjölbreyttri samfélagsþjónustu bæði í sínu nærumhverfi og eru þátttakendur í verkefnum tengdum þróunarstarfi víðs vegar um heiminn.




Foreldrasamvinna er mikil og foreldrar eru að koma í skólann til að sinna ýmsum verkefnum. Í leikskólanum koma þeir t.d. til skiptis og lesa fyrir nemendur og þá á sínu móðurmáli. Einnig eru auglýstar heimsóknarvikur með talsverðum fyrirvara og er það gert til að gera feðrum kleift að koma og fylgjast með námi barna sinna því yfirleitt eru þeir bundnari í vinnu.

Kennarar eru faglærðir og skólinn gerir kröfur um að þeir séu það. Kennarar eru þó undanskildir breskri kennaragráðu þar sem þeir eru af mörgum þjóðernum. Kennarar hafa 8 tíma vinnuskyldu á dag og fá eina klukkustund í undirbúning á hverjum degi. Yfirleitt eru fundir á milli kl. 14 – 15.



Laun eru nokkuð góð og talsverð hlunnindi sem fylgja því að kenna við ISA t.d. borga kennarar ekki skólagjöld fyrir sín börn, skólinn greiðir skatta og húsnæði í einhvern tíma eftir að kennari hefur störf við skólann.

Við skoðuðum tvo ólíka skóla sem þó voru báðir með mjög ríka áherslu á nemendur og þeirra nám og að nemendur hafi mjög mikið um nám sitt að segja. Það sem okkur fannst áhugavert var hvernig markmið Aðalnámskrár Skotlands og skólanámskráa skólanna eru sett upp á skýran og aðgengilegan hátt. Það er eitthvað sem við viljum gjarnan horfa til þegar við endurskoðum skólanámskrána okkar.



Júlíana Tyrfingsdóttir
Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir